

# Fundargerð

*Bogfimisamband Íslands BFSÍ*

Dagsetning: **10.06.2022**

Fundinn sátu: **Guðmundur Örn Guðjónsson, Albert Ólafsson, Astrid Daxböck, Haraldur Gústafsson og Oliver Ormar Ingvarsson. Valgerður Einarsdóttir Hjaltested var boðið til fundarins með málfrelsi og tillögurétt sem starfsmanni BFSÍ.**

Fundargerð ritaði: **Oliver Ormar Ingvarsson**

Fundur settur kl. **19:13**

Á fundinum voru tekin upp eftirfarandi mál:

## **1. Samþykkt fyrri fundargerða (fylgir fundarboði):**

- 1.1. Stjórnarfundur 24.02.2022
- 1.2. Formannafundur 13.03.2022
- 1.3. **Fundargerðir samþykktar einróma**

## **2. Staða/framkvæmd verkefna af fyrri fundum:**

- 2.1. Þjálfaranámskeið: Olympic Solidarity styrkur var samþykktur, ÍSí hefur samþykkt, námskeiðið verður haldið, þjálfarakennari er staðfestur, World Archery hefur staðfest, verið er að leggja lokahönd á þátttakendalista og skipulag námskeiðsins. Starfsmönnum BFSÍ falið að sjá um áframhaldandi námskeiðs skipulag, umsóknir og framkvæmd í samræmi við aðgerðaáætlun afreksstarfs BFSÍ – Lokið
- 2.2. Ráðning starfsmanna í afreksstarf (hæfileikamótun) – Í vinnslu
- 2.3. World Archery Youth Judge námskeið: Þátttakandi skráður og samþykkt af WA. – Lokið
- 2.4. Hækkun starfshlutfalls íþróttastjóra í 70% - Lokið
- 2.5. Formannafundur 2022 – Lokið

## **3. Samþykkt á milli stjórnarfunda:**

- 3.1. **Niðurgreiðsla þáttökukostnað þátttakenda á á Norðurlandameistaramót Ungmenna (NUM) - 21.03.2022**

Eitt af markmiðum BFSÍ í Afreksstefnu BFSÍ er að fjölga keppendum á NUM um 5% árlega. En einnig stendur í Afreksstefnu BFSÍ í fjármögnun að „*Lögð verður mest áhersla á að fjármagna lið sem líklegt telst að komist í úrslit A landsliðsverkefna og afreksfólk sem keppir um þáttökurétt á ÓL, EL og HL.*“. Í samræmi við þáttökuáætlun sem Íþróttastjóri lagði fyrir stjórn er það reyndin. En þar sem NUM var ekki í þeirri þáttökuáætlun vildi Íþróttastjóri fá samþykki stjórnar BFSÍ að veita 30.000.kr niðurgreiðslu þáttökugjalda keppenda á NUM til að styðja við og stuðla að fjölgun keppenda á NUM sem grunn að framtíðar Afreksstarfi sambandsins í samræmi við markmið Afreksstefnu BFSÍ. NUM er haldið í Finnlandi í ár. Þáttökukostnaður verkefnisins er almennt hæstur í Finnlandi.

### **3.1.1. Samþykkt einróma í tölvupósti**

### 3.2. Ásdís Lilja Hafþórsdóttir sagði sig úr stjórn BFSÍ - 19.03.2022

Henni er þakkað fyrir sín störf hjá BFSÍ og fyrsti varamaður kosinn á bogfimiþingi 2021 Oliver Ormar Ingvarsson var tekinn inn í stjórn sem ritari frá og með 19.03.2022.

#### 3.2.1. Samþykkt einróma í tölvupósti

### 3.3. Sportabler aðgangur fyrir BFSÍ – 3.5.2022

Fá aðgang fyrir BFSÍ að Sportabler svo að mögulegt verði t.d. að taka við greiðslum til BFSÍ s.s. vegna móta í gegnum kerfið.

#### 3.3.1. Samþykkt einróma í tölvupósti

## 4. Tillaga um samþykkt allra tillaga í fundarboði án breytinga:

Í samræmi við fyrri óskir stjórnarmanna er þessari tillögu bætt við fundarboðið. Tilgangur þessarar tillögu er að ef að sátt er þegar til staðar um öll atriði í ítarlegu fundarboði að mögulegt sé að samþykkja allar tillögur í fundarboði á einu bretti og ljúka fundi fyrr. Ef tillagan er samþykkt einróma þá telst allt neðangreint samþykkt í samræmi við fundarboðið og er þá farið beint í liðinn "Önnur mál". Ef tillagan er ekki samþykkt einróma verður farið yfir hverja tillögu í fundarboði fyrir sig lið fyrir lið.

#### 4.1. Formaður fer í stuttu máli yfir tillögur í fundarboði.

#### 4.2. Opnað fyrir umræður um tillögu: Enginn kveður sér máls.

#### 4.3. Tillaga samþykkt einróma

## 5. Tillaga um breytingar á reglugerð um dómara (fylgir fundarboði):

Um er að ræða algera endurskrift á reglugerðinni í heild sinni í meira lagalegri uppsetningu. Áætlað er að breyta öllum reglugerðum BFSÍ á endanum í þetta form, sem auðveldar einnig að breyta ákveðnum greinum í reglugerðinni hverju sinni. Efnislega séð eru ekki miklar breytingar á reglugerðinni og er að mestu um að ræða umorðun til að aðlagast betur nýja forminu. En dæmi um breytingar í reglugerðinni eru: Ákvæði um aðstoðardómara var víkkað og skýrt betur. Ákvæði um virkni dómara bætt við. Gjaldskrá dómara breytt úr per mót í per dag til að betur aðlagast raunverulegum aðstæðum og starfi dómara. Ákvæði um ungmenna dómara bætt við o.fl..

#### 5.1. Samþykkt einróma í samræmi við lið 4

## 6. Tillaga um breytingar á reglugerð um erlend mót (fylgir fundarboði):

Um er að ræða algera endurskrift á reglugerðinni í heild sinni í meira lagalegri uppsetningu. Byrjað var að vinna í endurskriftinni í október 2021. Áætlað er að breyta öllum reglugerðum BFSÍ á endanum í þetta form, sem auðveldar einnig að breyta ákveðnum greinum í reglugerðinni hverju sinni. Efnislega séð eru miklar breytingar í reglugerðinni að mestu til frekari skýringa og skipulags. Helstu breytingar eru t.d.: Hlutgengisreglur sem voru sameinaðar í reglugerðinni og víkkaðar út til skýringa og eftir nýjustu meðmælum starfshóps ÍSÍ um verkferla, vinnubrögð og viðmið í íþróttahreyfingunni. Ramma bætt við um hvernig íþróttastjóri skuli starfa við skipulag afreksstarfs hvers árs og tímarammar settir til að slíkt sé unnið tímanlega, en íþróttastjóra gefið meira frelsi til þess að ákvarða viðmið hvers árs til að ná markmiðum í Afreksstefnu BFSÍ en hann skuli kynna þau fyrir BFSÍ hvert ár. Ákvæði sem stönguðust á við mismunandi íþróttagreinar innan BFSÍ eða gátu stangast á við reglur yfirsambanda BFSÍ (ÍSÍ og WA) voru fjarlægð. Val fyrirkomulag fyrir sérstök

boðssæti (Wild Cards) og framhaldspáttökurétt voru skýrð og aðlöguð að hvernig íþróttin hefur þróast síðustu ár o.fl.. Ljóst þykir að nauðsynlegt verði að gera frekari breytingar á reglugerðinni í framtíðinni þar sem Afreksstarf BFSÍ er að þróast og stækka gífurlega hratt. En þetta fellur að þeim þörfum sem eru núverandi til staðar, en ekki svo þrengjandi að ekki sé mögulegt að aðlagast að þeim aðstæðum sem upp geta komið.

#### 6.1. **Samþykkt einróma í samræmi við lið 4**

### 7. Önnur mál:

- 7.1. Íþróttastjóri BFSÍ upplýsir stjórn um málalok mál nr.1 2022 þar sem hann var kærður til dómstóla ÍSÍ sem starfsmaður BFSÍ af Erlu Marý Pálsdóttir mögulega tengt landsliðsvali. Dómstólar ÍSÍ vísuðu málinu frá dómstólum ÍSÍ vegna vanreifunar (óskýrs málatilbúnings) og að kæraran mætti því ekki kröfum í lögum ÍSÍ 26.2. Lögræðikostnaður var tengdur sköpun greingerðar íþróttastjóra þar sem erfitt var að gera greinagerð til að svara tilbúningi kærunnar. Kærana og úrskurðinn er hægt að finna í heild sinni á [vefsíðu ÍSÍ](#).
- 7.2. BFSÍ er nú komið með gott samstarf við lögræðing til að taka á málum sem koma upp tengt dómstólum.
- 7.3. Íþróttastjóri kynnir stöðu afreksmála og landsliðsverkefna 2022.
- 7.4. Starfsmaður BFSÍ kynnir stöðu á þróunar- og mótamálum.
- 7.5. Almenn umræða um næstu og núverandi verkefni stjórnar.

Fundi slitið kl. **19:30**